

Leiðbeiningarnar eru til stuðnings vinnulýsingu um framleiðsluleyfi fyrir sérmarkaði ([VLY-047](#)).

## Kröfur fyrir kjöt

- a. Kanadísk yfirvöld hafa gert úttekt á dýrasjúkdómastöðu Íslands og telja hana ásættanlega þannig að þau hafa heimilað innflutning á kindakjöti og kjötafurðum frá Íslandi til Kanada.
- b. Íslensk yfirvöld þurfa að tilnefna fyrirtæki sem þau ábyrgjast að uppfylli kröfur sem eiga við um kjöt og sem koma fram í eftirfarandi skjali: **Útflutningur á kjöti til Kanada**, sjá: [S:\Sérmarkaðir\Kanada\Reglur og leiðbeiningar](#)
- c. Íslensk yfirvöld skulu tilkynna kanadískum yfirvöldum fyrirfram nafn, heimilisfang og samþykkisnúmer viðkomandi starfsstöðva. Íslensk yfirvöld skulu hafa reglubundið eftirlit með þessum starfsstöðvum og tilkynna kanadískum yfirvöldum strax ef þau uppfylla ekki lengur kröfur og hætta þá að senda frá þeim afurðir til Kanada.
- d. Uppfylla þarf almennar kröfur um hollustuhætti og um heilbrigðissskoðun á sláturdýrum og afurðum og auk þess eru kanadískar sérkröfur:
  - **Viðauki fyrir Ísland:** [Annex A for Iceland](#) (meat inspection systems approved, types of meat products accepted for import, certification and attestation requirements, etc.)
  - **Lög um kjöteftirlit:** [Meat Inspection Act](#)
  - **Reglugerðir um kjöteftirlit:** [Meat Inspection Regulations](#)
  - Viðbótarupplýsingar má finna [hér](#)
- e. Kanadísk yfirvöld áskilja sér rétt til að gera úttekt á starfsstöðvum á Íslandi og sem leyfi hafa til útflutnings til Kanada.
- f. Öllum sendingum til Kanada þarf að fylgja opinbert heilbrigðisvottorð.

## Umsóknar- og tilkynningarferli

1. Fyrirtæki sækir um útflutningsleyfi til Kanada í Þjónustugátt MAST. Sjá <https://umsokn.mast.is/> Tilgreina þarf nákvæmlega starfseiningar (sláturhús, kjötpökkun, frystigeymsla, kjötvinnsla ) og afurðir (dýra/ kjöttegund, kjöt/innyfli, unnar vörur o.s.frv.).
2. Ábyrgðarmaður málsins á MAST útbýr umsókn til kanadískra yfirvalda. Sjá gögn á S-drifi undir [Sérmarkaðir\Kanada](#):
  - i. Umsóknarbréf til Kanada (Word-skjal)
  - ii. Umsóknareyðublað sláturhús (Excel-skjal)
  - iii. Umsóknarbréfið og útfyllt umsóknareyðublað með upplýsingum um sláturhúsið er sent beint til kanadískra yfirvalda í tölvupósti: [MPDImport@inspection.gc.ca](mailto:MPDImport@inspection.gc.ca)
3. Samþykki kanadísk yfirvöld starfsstöðina tilkynna þau Matvælastofnun það og bæta henni á lista yfir viðurkennd íslensk fyrirtæki, [hér](#)
4. Ábyrgðarmaður máls sér um að bæta starfsstöðinni inn á lista fyrir Kanada undir [Sérmarkaðir](#) á heimasíðu Matvælastofnunar.
5. Ábyrgðarmaður máls tilkynnir starfsstöðinni að hún sé komin á lista í Kanada yfir viðurkenndar starfsstöðvar.